



Æskulýðsráð ríkisins

Alþingi
Erindi nr. P 130/1674
komudagur 6. 4. 2004

Alþingi
nefndasvið
150 Reykjavík

Umsögn um þskj. 165 - 163. mál 130. löggjafarþing 2003-2004.

Æskulýðsráð ríkisins getur ekki mælt með samþykki frumvarpsins.

Æskulýðsráð vill vekja athygli á því að niðurstöður rannsókna benda til þess að hvert ár sem líður án þess að ungt fólk hefji neyslu vímuefna (áfengis eða annarra) dragi úr líkum þess að einstaklingurinn missi stjórn á neyslu sinni. Af þeim sökum getur ráðið ekki mælt með lækkun áfengisakaupaldursins.

Þá er rétt að hafa í huga að fleiri réttindi en áfengiskaup eru bundin við annan og hærri aldur en lögræðisaldur og má þar t.d. nefna aukin ökuréttindi.

Æskulýðsráð telur einnig að framkvæmd laganna verði miklum annmörkum háð eigi einungis að heimila fólki á aldrinum 18-20 ára kaup á áfengi með vínandastyrkleika undir 22%.

Reykjavík, 31. mars 2004

Æskulýðsráð ríkisins

Júlíus Aðalsteinsson
formaður